

Frá Straumsvík að Kúagerði

Gönguferð með sjó um fornar eyðibygðir er mörgum hugstæð. Á aðra hönd er hafið; annars vegar úfið og hrikalegt í stormum og stórviðrum, þegar hafaldan æðir upp að ströndinni og greiðir henni þau heljarhögg að jörðin nötrar undir fótum manns eða hins vegar slétt og spegill á lognkyrrum dögum, þegar báran rétt bærisk við fjörusteinana og sólin stafar geislum sínum yfir láð og lög. En á hina hönd er landið með gamlar varir, grjóthleðslur og hrundar tóttir, þar sem fyrrum var líf og starf og miskunnarlaus barátta við hin völdugu náttúruöfl var háð án nokkurrar hvildar meðan fjörin entist.

Allt er þetta forvitnilegt og veitir þeim, er áhuga hafa á lífi og starfi forfeðranna, nokkra innsýn í þá veröld er skóp þeim örlög.

Í nánd við höfuðborgina er slíka staði að finna og þeir eru fleiri en marga grunar við fyrstu athugun. Að þessu sinni skulum við leggja leið okkar meðfram ströndinni milli Straumsvíkur og Kúagerðis, en þar verða einmitt á leið okkar rústir nokkrurra býla, sem fyrrum þóttu góð undir bú, en stóðust ekki kröfur nútíma búskaparháttá.

Við hefjum gönguferðina móts við Straum, en svo nefnist býlið, þsem er vestan við víkina gegnt álverkssmiðjunni. Við vegarbrúnina kemur vatn undan hrauninu. Þetta er allstór uppspretta, enda telja menn, að þar komi fram vatnið úr Kaldá, en hún kemur úr Kaldárbotnum og rennur fram hjá Kaldárseli. Litlu vestan hverfur hún í hraunið og sést ekki meir.

Straumur var fyrrum mikil bújörð. Nú er hún í eyði, en byggingarnar, sem uppi standa segja sína sögu. Frá Straumi liggur leiðin vestur með ströndinni. Við fylgjum gömlu götunni, sem var farin fyrrum áleiðis suður með sjó. Hún er krókótt og seinfarin, enda ekki við öðru að búast þar sem yfir hraun er að fara. Forfeðrum okkar var annað betur lagið en að taka steina úr götu og leggja vegi. Þeir létu náttúruna annast alla vegagerð.

Spölkorn vestan við Straum komum við að Óttarsstöðum. Þar var annað býli, sem eitthvað kvað að. Það er einnig í eyði, en miklir grjótgardar, veggjarhleðslur og mannvirki í fjörunni vitna um mikið athafnalíf á fyrri tímum. Þessi mannvirki eru mjög merkileg og þess virði að skoða þau vel, því þau segja mikla sögu. Þessar tvær jarðir eiga mikið land upp til heiðarinnar. Þar eru rústir tveggja selja, sem eru kennd við þessar jarðir. Það eitt sýnir, að búsmalinn hefur verið það stór, að þörf var á að halda hafa hann í seli yfir sumartímann. Rústir þessara selja eru merktar á korti og skemmtilegt að skoða þær, en það verður að gera við annað tækifæri.

Leiðin liggur síðan framhjá Lónakoti. Þar hefur ekki verið búið af eins miklum myndarskap og á hinum bæjunum. Túnbleðill hefur legið frammi við sjávar kambinn, en hann er nú að mestu horfinn, því sjórinn vinnur sín verk án afláts og ber grjót og sand upp á land, þar sem því verður við komið.

Skammt vestan við Lónakot gengur smá nes út í sjó. Heitir það Hraunsnes og handan við það opnast Vatnsleysuvíkin. Austan við hana stendur eyðibýlið Hvassahraun. Þar er nokkur gróður enda býlið í stærra lagi. Fyrir botni víkurinnar er Kúagerði, gamall áningarstaður ferðamanna á þessari leið. Þar er gras og ferskt vatn sem kemur þar fram undan hrauninu. Var hvorttveggja kærkomið bæði mönnum og málleysingjum á þessari löngu og torsóttu leið.

Í Kúagerði lýkur þessari stuttu en skemmtilegu gönguferð.

(Mbl. 28. júní 1981)

